

1997 nr. 12 13. mars**Lög um atvinnuleysistryggingar****I. kafli. Skilyrði bótaréttar.**

■ **1. gr.** Launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar, sem verða atvinnulausir, eiga rétt á bótum úr Atvinnuleysistryggingasjóði samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, enda séu þeir í atvinnuleit og fullfærir til vinnu.

□ Félagsmálaráðherra skal, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, setja nánari reglur¹⁾ um hvaða skilyrðum sjálfstætt starfandi einstaklingar skulu fullnægja til þess að njóta bóta úr sjóðnum. M.a. skulu settar reglur um hvaða skilyrðum menn verða að fullnægja til þess að teljast sjálfstætt starfandi og vera atvinnulausir.

□ Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, að ákveða að aðrir hópar en launamenn og sjálfstætt starfandi einstaklingar geti notið bóta úr sjóðnum gegn greiðslu iðgjalda. Um bótarétt þessara hópa skal kveða á í reglugerð.²⁾

¹⁾ Rg. 304/1994, sbr. viðmiðunarreglur 628/1994. ²⁾ Rg. 329/2001.

■ **2. gr.** Rétt til bóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 5. gr.:

1. Eru orðnir 16 ára að aldri en yngri en 70 ára.

2. Eru búsettir hér á landi eða hafa fengið leyfi til atvinnuleitar í EES-landi.

3. Hafa óbundna heimild til þess að ráða sig til vinnu hér á landi.

4. Hafa á síðustu tólf mánuðum unnið samtals í a.m.k. 10 vikur miðað við fullt starf í tryggingagjaldsskyldri vinnu en hlutfallslega lengri tíma ef um hlutastarf hefur verið að ræða, sbr. þó 17. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar, sbr. lög nr. 46/1993. Til að finna vinnuframlag sjálfstætt starfandi skal miðað við skil á tryggingagjaldi af reiknuðu endurgjaldi síðustu tólf mánuði. Til að finna vinnuframlag sjómanna skal telja fjölda lögskráningardaga. Mánaðarvinna sjómanna telst 21,67 lögskráningardagar.

5. [Hafa í upphafi bótatímabils verið skráðir sem atvinnulausir í þrjá daga samfelld. Ákvæði þetta gildir ekki um starfsfólk í fiskvinnslu sem ekki hefur rétt til að gera kauptryggingarsamning samkvæmt kjarasamningi VMSÍ og VSÍ/VMS.]¹⁾

6. Eru reiðubúnir að ráða sig til allra almennra starfa.

□ Við ákvörðun bóta samkvæmt framangreindu teljast ekki með þeir dagar er maður hefur verið í verkfalli eða verkbanntekur til.

¹⁾ L. 47/1998, 1. gr.

■ **3. gr.** [Sá sem uppfyllir skilyrði um bótarétt en hverfur af innlendum vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila af launum hans tryggingagjaldi heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði, frá því að hann hvarf af vinnumarkaði, þeim bótarétti sem hann hafði áunnið sér. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum fellur réttur hans samkvæmt þessari grein að fullu niður. Með sama hætti skal farið með þann sem tekur að stunda hlutastarf eða hverfur af vinnumarkaði vegna töku fæðingarorlofs. Ákvæði þetta gildir ekki um þá sem fara í atvinnuleit til annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og fá á þeim tíma greiddar atvinnuleysisbætur samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

¹⁾ L. 47/1998, 2. gr.

■ **4. gr.** [Ef sá sem hefur áunnið sér rétt til bóta verður óvinnufær af völdum sjúkdóms eða slyss og verður að hverfa frá vinnu heldur hann þeim bótarétti þegar hann verður vinnufær á ný, enda sanni hann að hann hafi verið óvinnu-

fær með læknisvottorði þegar hann sækir um atvinnuleysisbætur að loknum veikindum. Sama rétt til geymslu bótaréttar á sá sem sviptur hefur verið frelsi sínu með dómi.]¹⁾

□ Bótarétt getur enginn öðlast vegna atvinnuleysis sem stafar af veikindum hans.

□ Svæðisvinnumiðlun getur óskað eftir að umsækjandi leggi fram vottorð um vinnufærni sína sé um skerta vinnufærni að ræða.

□ Svæðisvinnumiðlun er heimilt að leita álits trúnaðarlæknis Atvinnuleysistryggingasjóðs á vinnufærni umsækjanda.

¹⁾ L. 47/1998, 3. gr.

■ **5. gr.** Þrátt fyrir ákvæði 1.–4. gr. eiga eftirtaldir einstaklingar ekki rétt á atvinnuleysisbótum:

1. Þeir sem taka þátt í verkfalli eða verkbanntekur til.

2. Þeir sem njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. Þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi.

4. Þeir sem hafa sagt starfi sínu lausu án gildra ástæðna eða misst vinnu af ástæðum sem þeir sjálfir eiga sök á. Réttur til bóta samkvæmt þessum töluvið fellur niður í 40 bótdaga í fyrsta sinn og skerðist bótatímabil sem því nemur. Missi maður aftur rétt til bóta öðlast hann ekki bótarétt að nýju, nema hann sanni að hann hafi stundað vinnu í samfelld sex vikur eftir að hann missti bótaréttinn.

5. Þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að setja reglur um að þeir sem hætta námi fyrir lok námsannar skuli undir sérstökum kringumstæðum eiga bótarétt. Reglur þessar skulu hljóta staðfestingu ráðherra.

6. Þeir sem stunda vinnu í eigin þágu sem gefur þeim tekjur eða tekjuígildi er a.m.k. samsvarar hámarksbótum atvinnuleysistrygginga á hverjum tíma. Nú samsvara tekjurnar eða tekjuígildið ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga og má þá greiða mismun atvinnuleysisbóta og teknanna eða tekjuígildisins.

7. Þeir sem reynt hafa að afla sér bóta með sviksamlegum hætti, sbr. 15. gr.

II. kafli. Fjárhæð bóta og bótatímabil.

■ **6. gr.** Einstaklingur, sem öðlast bótarétt samkvæmt ákvæðum þessara laga, á rétt á bótum frá og með fyrsta skráningardegi, sbr. þó 10. gr.

□ Atvinnuleysisbætur skulu greiddast fyrir alla daga nema laugardaga og sunnudaga á hverju bótatímabili.

□ Nú fær hinn atvinnulausi tilfallandi vinnu dag og dag og skulu atvinnuleysisbætur hans þá skerðast vegna þessarar vinnu til samræmis við unninn stundafjölda og hlutfall bótaréttar hans þannig að samtals átta stunda vinna valdi skerðingu hámarksbóta í einn dag. Slík tilfallandi vinna skal ekki hafa áhrif á áunninn rétt til atvinnuleysisbóta fyrr en hún nemur samtals 173 vinnustundum á hverju tólf mánaða eða styttra tímabili.

■ **[6. gr. a.]** Hafi umsækjandi um atvinnuleysisbætur misst starf sitt að hluta og haldið fastráðningu í hlutastarfi eða ráðist í fast hlutastarf, sem að starfshlutfalli er minna en bótaréttur hans, er úthlutunarnefnd heimilt að ákvarða honum bætur sem nema mismun bótaréttar hans og þess starfshlutfalls sem hann gegnir.

□ Ef samanlagðar tekjur af hlutastarfi og atvinnuleysisbótum umsækjanda, sbr. 1. mgr., eru hærri en fullar bætur samkvæmt bótarétti hans að viðbættu frítækjumarki, sbr. 4. mgr. 7. gr., skal skerða atvinnuleysisbætur hans um það sem umfram er.

□ Leiði ákvæði 2. mgr. til þess að umsækjandi verði fyrir skerðingu bóta skal farið með bótarétt hans eins og um geymdan bótarétt væri að ræða skv. 3. gr.

□ Heimilt er að greiða bætur á móti hlutastarfi í allt að tuttugu og fjóra mánuði á hverju bótatímabili. Að þeim tíma liðnum getur ekki komið til greiðslu hlutabóta samkvæmt þessari grein fyrir en að loknum tólf mánuðum í starfi sem gefur rétt til herra bótahlutfalls en heildarhlutfall þess sem umsækjandi átti áður rétt til.

□ Kjósi umsækjandi að segja starfi sínu lausu, innan tuttugu og fjögurra mánaða tímabilsins, fremur en að missa hinn skerta bótarétt sinn, eiga ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara ekki við.¹⁾

¹⁾ L. 47/1998, 4. gr.

■ **7. gr.** Hámarksbætur atvinnuleysistrygginga skulu nema [2.752 kr.]¹⁾ á dag. Lágmarksbætur eru 1/4 hluti sömu fjárhæðar. Fjárhæð hámarksbóta kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert með tilliti til þróunar launa, verðlags og efnahagsmála. Þó er félagsmálaráðherra heimilt, að fengnu samþykki ríkisstjórnar, að breyta bótafjárhæð ef verulegar breytingar verða á launaþróun og þjóðhagsforsendum frá afgreiðslu fjárlaga.

□ Til viðbótar fjárhæð bóta skv. 1. mgr. skal greiða þeim sem hafa framfærsluskyldu gagnvart börnum yngri en 18 ára 4% af fjárhæð dagpeninga með hverju barni. Nú annast Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtu meðlags vegna barns og skal þá fjárhæðin renna beint til stofnunarinnar á móti kröfum hennar á hendur hinum meðlagsskylda.

□ Af atvinnuleysisbótum greiðir hinn atvinnulausi 4% í lífeyrissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóður 6%.

□ [Atvinnuleysisbætur þess sem nýtur elli- eða örorkulífeyris, svo og örorkustyrks frá Tryggingastofnun ríkisins, skulu skerðast, á mánaðargrundvelli, um það sem umfram er frítekjumark tekjutryggingar einstaklings vegna almennra tekna eins og það er ákvæðið á hverjum tíma. Sama gildir um elli- og örorkulífeyri úr lífeyrissjóðum og tekjur af hlutastarfi.]¹⁾

¹⁾ L. 47/1998, 5. gr.

■ **8. gr.** Hámarksbætur greiðast þeim sem hafa verið í fullu starfi síðustu tólf mánuði. Sé því skilyrði ekki fullnægt lækkar bótafjárhæð í hlutfalli við starfstímabil og starfshlutfall á síðustu tólf mánuðum þar til lágmarksbótarétti er náð, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. Bótahlutfall getur þó aldrei orðið herra en sem nemur því starfshlutfalli sem maður er reiðubúinn að ráða sig í.

□ Bætur vegna barna skv. 2. mgr. 7. gr. skerðast ekki.

□ Nú hefur umsækjandi, sem áunnið hefur sér bótarétt, auk þess stundað skólanám á síðustu tólf mánuðum í ekki skemmri tíma en sex mánuði og lokið námi eða einsýnt þykir að hann hafi hætt námi og skal þá reikna honum 13 vikur vegna námsins til viðbótar vinnuframlagi hans. Nú á umsækjandi geymdan bótarétt, sbr. 3. og 4. gr., og fær hann þá bætur í samræmi við það, nema starfstími hans eftir að hann hóf að nýju störf gefi tilefni til annars.

□ Hafi umsækjandi notið atvinnuleysisbóta á síðustu tólf mánuðum skal reikna honum bótadaga á því tímabili til starfstíma í sama hlutfalli og bótaréttur hans var.

□ Atvinnuleysistryggingasjóður semur skrá um ákvörðun dagpeninga. Skráin skal tilgreina 76 þrep, frá 25% til 100% bóta, þannig að bætur hækki um 1% hámarksbóta við hvert þrep eftir starfstíma og starfshlutfalli.

□ Við ákvörðun bóta til manns, sem starfaði sem launamaður áður en hann varð atvinnulaus, er heimilt að taka tillit til starfstímabila sem hann á að baki í EES-landi, enda hafi hann fallið undir löggjöf um bætur vegna atvinnuleysis í því landi og leggi fram tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil þar. Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um hvaða skilyrðum þarf að vera fullnægt til að njóta réttar samkvæmt framangreindu.

■ **9. gr.** Bótatímabil skal að hámarki vera fimm ár. Nú fær maður, sem er byrjaður á bótatímabili, launaða vinnu og framlengist þá bótatímabil hans sem svarar starfstímabilum. Nýtt bótatímabil getur hafist að liðnum tólf mánuðum frá því að bótatímabili lauk, enda eigi maður að baki samtals a.m.k. sex mánaða launaða vinnu eftir að bótatímabili lauk.

III. kafli. Bætur vegna samdráttar og gjaldþrota fyrirtækja.

■ **10. gr.** Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta sem þeir eiga rétt á sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum samdráttar. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána, svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til, og sendir til viðkomandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta sem síðan úrskurðar um bótarétt. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um starfshlutfall einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu tólf mánuðum áður en til skerðingar kemur.

□ Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari grein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður vegna samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrir en að loknum uppsagnarfresti.

■ **11. gr.** Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota.

IV. kafli. Um missi bótaréttar.

■ **12. gr.** Samkvæmt ákvörðun úthlutunarnefndar getur það valdið missi bótaréttar ef sá sem skráður er atvinnulaus tekur ekki þátt í gerð starfsleitaráætlunar á vegum svæðisvinnumiðlunar eða fylgir ekki slíkri áætlun, þar á meðal hafnar úrræðum svæðisvinnumiðlunar skv. e-lið 1. mgr. 10. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Um missi bótaréttar gilda ákvæði 4. tölul. 5. gr. laga þessara.

□ Þeim sem ekki hefur gert starfsleitaráætlun er skylt að láta skrá sig vikulega hjá viðurkenndum skráningaraðila. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda skal hann láta skrá sig næsta dag sem honum er unnt.

□ Skrái hinn atvinnulausi sig ekki á tilskildum degi skal hann sæta missi bóta fyrir þá daga sem liðnir eru frá síðustu

skráningu þar til hann skráir sig á ný.

□ Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs getur, að fengnum til-
lögum svæðisráðs svæðisvinnumiðlunar, ákveðið að á af-
mörkuðum svæðum og í tiltekinn tíma skuli skráning skv.
2. mgr. fara fram með öðrum hætti en vikulega.

■ **13. gr.** Það veldur missi bótaréttar að neita starfi sem
býðst fyrir milligöngu svæðisvinnumiðlunar eða á annan
sannanlegan hátt, enda sé vinnan heimil að lögum og laun
fyrir hana og starfskjör öll í samræmi við 1. gr. laga um
starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr.
55/1980.¹⁾

□ Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem notið hefur bóta
í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem
hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á að hann
muni fá vinnu í sinni starfsgrein.

□ Þegar hafnað er vinnu fjarri heimili metur úthlutunarnefnd
hvort það skuli varða missi bótaréttar og skal þá gætt m.a.
heimilisástandna umsækjanda.

□ Þjóðist hinum atvinnulausa starf sem að starfshlutfalli er
minna en bótaréttur hans segir til um skal úthlutunarnefnd
meta með hliðsjón af möguleikum hans á fullu starfi, sbr. og
6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga þessara, hvort honum sé eftir at-
vikum rétt eða skylt að taka því hlutastarfi sem í boði er.

□ Um missi bótaréttar samkvæmt þessari grein gilda að öðru
leyti ákvæði 4. tölul. 5. gr.

¹⁾ Nál. 129/1997.

■ **14. gr.** Þeim sem sæta biðtíma eftir bótum er skylt að hlíta
reglum um eftirlit með því að bótaskilyrðum sé fullnægt og
skylt að taka starfi sem býðst að viðlögðum missi bóta sam-
kvæmt almennum reglum þessara laga.

■ **15. gr.** Sá sem reynir að afla sér bóta með því að gefa
rangar eða villandi upplýsingar eða leyndu upplýsingum um
hagi sína missir rétt til bóta.

□ Fyrsta brot varðar missi bóta í 2–6 mánuði en ítrekað brot
í 1–2 ár.

V. kafli. Ákvörðun bóta og málskot.

■ **16. gr.** Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs skal í hverju
umdæmi svæðisvinnumiðlunar skipa fimm manna úthlutun-
arnefnd til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skip-
aður samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn
samkvæmt tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja,
einn samkvæmt tilnefningu Vinnuveitendasambands Íslands
og einn samkvæmt tilnefningu Vinnumálasambandsins. For-
menn nefndanna skulu skipaðir án tilnefningar. Varamenn
skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn. Nefndarmenn skulu
vera búsettir í umdæmi svæðisvinnumiðlunar.

□ [Úthlutunarnefnd starfar í umboði sjóðstjórnar og undir
eftirliti hennar.]¹⁾

□ Úthlutunarnefnd ákvarðar bætur og missi bóta samkvæmt
lögum þessum.

□ Umsækjanda og Atvinnuleysisstryggingasjóði skal til-
kynnt um ákvörðun úthlutunarnefndar. Þessum aðilum er
heimilt að skjóta ákvörðun úthlutunarnefndar til úrskurðar-
nefndar atvinnuleysisbóta, sbr. 17. gr., innan þriggja mánaða
frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina. Málskot frestar
ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

□ Þóknun til úthlutunarnefnda greiðist úr Atvinnuleysis-
tryggingasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar, svo og
kostnaður sem af starfi nefndanna leiðir.

□ Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er heimilt að ákveða
að fleiri en ein úthlutunarnefnd séu starfandi í umdæmi svæð-

isvinnumiðlunar ef það er talið nauðsynlegt með tilliti til
fjölda atvinnulausra í umdæminu.

□ [Úthlutunarnefnd ákveður fyrirkomulag á afgreiðslu bóta
í samráði við sjóðstjórn.]¹⁾

¹⁾ L. 47/1998, 6. gr.

■ **17. gr.** Félagsmálaráðherra skipar þriggja manna úrskurð-
arnefnd atvinnuleysisbóta til fjögurra ára í senn. Varamenn
skulu skipaðir á sama hátt.

□ Nefndarmenn skulu hafa víðtæka þekkingu á vinnumark-
aðinum. Formaður og varamaður hans skulu fullnægja skil-
yrðum til þess að vera skipaðir héraðsdómarar. Úrskurðir
nefndarinnar fela í sér endanlega stjórnvaldsákvörðun.

□ Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr Atvinnu-
leysisstryggingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

□ Atvinnuleysisstryggingasjóður skal sjá til þess að úrskurð-
ir nefndarinnar séu gefnir út árlega.

VI. kafli. Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs og skrif- stofuhald sjóðsins.

■ **18. gr.** Félagsmálaráðherra skipar níu manna stjórn At-
vinnuleysisstryggingasjóðs til fjögurra ára í senn. Alþýðu-
samband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skulu til-
nefna tvo stjórnarmenn hvor aðili og tvo til vara. Bandalag
starfsmanna ríkis og bæja, Bandalag háskólanna, Sam-
band íslenskra sveitarfélaga og Vinnumálasambandið skulu
tilnefna einn stjórnarmann hver aðili og einn til vara. Ráð-
herra skipar formann án tilnefningar og varaformann úr hópi
aðalmanna.

□ Aðalmenn stjórnarinnar skulu kjósa úr sínum hópi þriggja
manna framkvæmdaráð. Formaður stjórnar skal eiga sæti í
því. Ráðið hefur heimild til þess að taka fullnaðarákvarðanir
um mál sem ekki fela í sér stefnubreytingar fyrir sjóðinn. Öll
stjórnin skal taka þátt í gerð umsagna og tillagna um breyt-
ingar á lögum og reglum um sjóðinn og meiri háttar ákvörð-
unum sem snerta fjárhag hans.

□ Þóknun stjórnarmanna greiðist úr Atvinnuleysisstrygg-
ingasjóði samkvæmt ákvörðun ráðherra.

■ **19. gr.** Vinnumálastofnun annast sjóðsvörslu, reiknings-
hald og daglega afgreiðslu fyrir Atvinnuleysisstryggingasjóð
í umboði sjóðstjórnar og undir umsjá og eftirliti hennar. Fé-
lagsmálaráðherra getur ákveðið annað fyrirkomulag að feng-
inni umsögn sjóðstjórnar.

□ Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

VII. kafli. Tekjur Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

■ **20. gr.** Tekjur Atvinnuleysisstryggingasjóðs eru:

1. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi í samræmi við ákvæði
laga um tryggingagjald.
2. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

VIII. kafli. Fjárreiður Atvinnuleysisstryggingasjóðs.

■ **21. gr.** Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs tekur ákvarð-
anir um ávöxtun fjár sjóðsins. Skal þess gætt að sjóðurinn
hafi nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

■ **22. gr.** Stjórn Atvinnuleysisstryggingasjóðs er heimilt að
veita styrki vegna úrræða fyrir atvinnulausa á vegum svæð-
isvinnumiðlana. Stjórninni er enn fremur heimilt að veita
styrki til þess að aðstoða atvinnulausa við búferlaflutninga
vegna atvinnutilboða.

□ Stjórnin skal setja reglur¹⁾ um styrki samkvæmt þessari
grein sem hljóta skulu staðfestingu félagsmálaráðherra.

¹⁾ Rg. 238/1999.

■ **23. gr.** Árlega skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnu-
leysisstryggingasjóði til að styrkja starfsmenntun í atvinnulíf-

inu, sbr. lög þar að lútandi, og til sérstakra þróunarverkefna til að fjölga atvinnutækifærum fyrir konur samkvæmt reglum sem ráðherra setur. Fjárhæð þessara framlaga ákvarðast við afgreiðslu fjárlaga ár hvert.

■ **[23. gr. A.** Atvinnuleysistryggingasjóður skal greiða hlutdeild í kostnaði við rekstur svæðisvinnumiðlana, sbr. 22. gr. laga nr. 13/1997, um vinnumarkaðsaðgerðir, eins og kveðið er á um í fjárlögum hverju sinni.]¹⁾

¹⁾ L. 130/1997, 5. gr.

■ **24. gr.** Reikningar Atvinnuleysistryggingasjóðs skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir ár hvert í Lögbirtingablaði.

IX. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **25. gr.** Eigi má gera fjárnám í bótum samkvæmt lögum þessum sem ekki hafa verið greiddar hinum atvinnulausa. Eigi má heldur taka bætur til greiðslu opinberra gjalda annarra en staðgreiðslu opinberra gjalda. Óheimilt er að draga félagsgjöld til stéttarféлага af bótum, nema skriflegt samþykki hins atvinnulausa liggja fyrir.

■ **26. gr.** Skattstjórum, Tryggingastofnun ríkisins, Innheimtustofnun sveitarfélaga og hlutaðeigandi lífeyrissjóðum er skylt að láta Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.

□ Með einstaklingsbundnar upplýsingar, sem Atvinnuleysistryggingasjóði eru látnar í té samkvæmt þessari grein, skal farið sem trúnaðarmál.

■ **27. gr.** Það varðar sektum að gefa rangar upplýsingar eða leyna upplýsingum í því skyni að fá bætur greiddar eða aðstoða við slíkt athæfi. Um meðferð slíkra mála fer samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

□ Nú hefur maður aflað sér bóta með því að gefa rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum um hagi sína og skal hann þá til viðbótar missi bóta skv. 15. gr. endurkrafinn um allt að tvöfaldri þeirri bótafjárhæð sem þannig var aflað.

■ **28. gr.** Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi að greiða ríkisborgara í EES-ríki, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

■ **29. gr.** Heimilt er að birta sem reglugerðir¹⁾ reglur Evr-

ópusambandsins um atvinnuleysisbætur, enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.

¹⁾ Rg. 591/2000, rg. 592/2000, rg. 831/2000.

■ **30. gr.** Félagsmálaráðherra skal að tillögu sjóðstjórnar setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.¹⁾

¹⁾ Rg. 221/1973. Rg. 524/1996, sbr. 545/1997. Rg. 705/1995. Rg. 545/1997. Rg. 740/1997. Rg. 741/1997. Rg. 670/1998.

■ **31. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.

□ Verði breyting á starfsemi kjararannsóknarnefndar er forsætisráðherra heimilt að samþykkja greiðslu kostnaðar af hliðstæðri starfsemi þeirri sem kjararannsóknarnefnd hefur annast þótt ákveðið verði að hún skuli unnin af öðrum aðilum.

■ **II.** Hafi maður verið á atvinnuleysisbótum 1. júlí 1994 og samfellt síðan getur bóatímabil hans að hámarki varað til 1. júlí 1999. Nú hefst bóatímabil eftir 1. júlí 1994 og viðkomandi hefur verið samfellt á atvinnuleysisbótum fram að gildistöku laga þessara og getur þá bóatímabil að hámarki orðið fimm ár.

■ **III.** Ákvæði 1. mgr. 12. gr. laga þessara tekur gildi 1. janúar 1998.

■ **IV.** Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs skal heimilt á árinu [1998]¹⁾ að gera tillögu til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur²⁾ sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

¹⁾ L. 130/1997, 6. gr. ²⁾ Rg. 159/1998.

■ **V.** Á árunum 2001–2003 skal verja ákveðinni fjárhæð úr Atvinnuleysistryggingasjóði í samræmi við fjárlög hvers árs til átaks í fræðslumálum ófaglærðra samkvæmt samkomulagi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins annars vegar og Verkamannasambands Íslands og Landssambands iðnverkafólks, sem nú mynda Starfsgreinasamband Íslands, hins vegar.]¹⁾

¹⁾ L. 182/2000, 1. gr.